

L Ö G**um breytingu á lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Gjald skv. 1. mgr. skal ekki lagt á flugvélaeldsneyti sem er undanþegið gjaldtöku í milliríkjasamningum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er að endurgreiða bandarískum flugfélögum gjald skv. 5. gr. sem þau hafa greitt frá 1. júlí 1987 samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra að höfðu samráði við samgönguráðherra.

*Gjört í Reykjavík, 30. nóvember 1992.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Halldór Blöndal.